



# Sjálfsmatsskýrsla

## Menntaskólans við Hamrahlíð

### Skólaárið 2018 - 2019



## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	1
2	Lýsing á starfsemi .....	2
2.1	Nemendur .....	2
2.1.1	Útskriftarnemar .....	2
2.1.2	Listdansskólarnir.....	2
2.1.3	Námstími nemenda .....	3
2.2	Starfsfólk.....	4
2.2.1	Starfsánægja í MH .....	4
2.3	Húsnæði og aðbúnaður .....	6
2.3.1	Bókasafnið .....	7
2.3.2	Matsalan Sómalía .....	7
2.4	Kennslustundir og áfangar .....	7
2.5	Kennslukerfið Inna.....	8
2.6	Fjármál.....	9
2.7	Kennslukannanir.....	9
2.7.1	Kennsluskönnun í lífsleikni nýnema .....	10
2.8	Tölulegar upplýsingar .....	10
2.8.1	Fjöldi nemenda.....	10
2.8.2	Aldur nemenda.....	11
2.8.3	Fjöldi útskrifaðra nemenda í MH frá hausti 2014 – vors 2019.....	11
2.9	Nýnemar .....	12
2.10	Námsbrautir.....	17
2.10.1	IB-brautin.....	17
2.11	Stöðumat .....	17
2.12	Skólasókn.....	18
2.13	Afföll og nýtingarhlutfall.....	18
2.14	Náms- og starfsráðgjöf .....	19
2.15	Námsverið .....	19
2.16	Sálfræðingur .....	20
2.16.1	Skólapúlsinn.....	20
2.17	Umhverfismál .....	22
2.18	Tölvumál .....	22
2.19	Skjalamál.....	23
2.20	Jafnréttismál.....	23
2.20.1	Hjúkrunarfræðingur.....	24

---

2.20.2	Jafnlaunavottun.....	24
2.21	Heilsueflandi framhaldsskóli .....	24
3	Samantekt og umbætur .....	25
3.1	Verkefni skólaársins 2018 – 2019.....	25
3.2	Verkefni skólaársins 2019 – 2020.....	26
4	Viðauki .....	28

## 1 Inngangur

Menntaskólinn við Hamrahlíð er rótgróinn skóli, byggður upp af kraftmiklu starfsfólki og nemendum. Skólinn hefur starfað sem áfangaskóli frá 1972 og var fyrirmynd margra annarra framhaldsskóla sem tóku upp áfangakerfi. Við skólann starfa u.þ.b. 120 starfsmenn og nemendur eru um 1200 talsins. Brautir skólans eru 6 auk IB-alþjóðlegrar námsbrautar og sérnámsbrautar. Fjölmennasta námsbrautin er opin braut með um 500 nemendur og náttúrufræðibraut fylgir á eftir með tæplega 300 nemendur. Á opinni braut velja nemendur sér sjálfir kjörsvið og hanna brautina eftir sínu áhugsviði innan fyrirfram ákveðins ramma sem hæfir undirbúningi þeirra fyrir frekara nám. Listdansbraut og tónlistarbraut eru kenndar í samstarfi við listdansskóla og tónlistarskóla. MH er í samstarfi við Menntaskólann í tónlist en nemendur hans sækja almennt bóklegt nám í MH. Fyrirkomulag listdansnáms er enn í endurskoðun hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Stefnt er að því að MH verði áfram kjarnaskóli en óvíst er hvaða listdansskólar koma að náminu.

Áfangar skólans eru í stöðugri endurskoðun og þróun og fjölbreytni er mikil. Með styttingu stúdentsprófsins þarf að fylgjast vel með áfangaframboði með það í huga að halda inni efri áföngum í tungumálum og raungreinum. Mikið tungumálaframboð og fjöldi áfanga í hverju tungumáli hefur skapað skólanum sérstöðu og laðað að fjölbreyttan hóp nemenda. Að undanfögnu hefur verið erfiðara að fá nemendur til að taka efri áfanga í tungumálum og valáfanga í raungreinum þar sem margir reyna að ljúka náminu á þremur árum, frekar en þremur og hálfu eða fjórum og er það visst áhyggjuefni. Stór hópur nemenda kys að útskrifast með fleiri einingar en nauðsynlegt er til að vera betur undirbúinn fyrir frekara nám á háskólastigi. Haustið 2019 munu nýnemar innritast í skólann á brautir með 205 einingar til stúdentspróf, að undanskildum tónlistar- og listdansbrautum sem eru enn með 215 einingar.

Stefnuskjal skólans inniheldur ýmis markmið sem unnin eru samhliða sjálfsmati skólans. Markmiðin tengjast markmiðum málaflokka og meðal þeirra eru markmið um að fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma og að auka starfsánægju.

Aðferðir við sjálfsmat í MH eru m.a. töluleg gagnarýni, almennar umræður á fundum kennara og starfsmanna, kannanir, skýrslur og úttektir. Skólaþing sem haldið er með nemendum á vorönn hefur reynst vel sem innlegg í ýmiss konar umræðu. Vorið 2019 voru umræðuefni skólaþings vinnuumhverfi og vellíðan nemenda í MH, umsjónarkerfið og námið í MH. Að sjálfsmatinu koma margir aðilar innan skólans s.s. stjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, annað starfsfólk og nemendur. Umsjón með sjálfsmati hefur konrektor.

Helstu áhersluatriði þessarar skýrslu sem nær yfir skólaárið 2018 – 2019:

- Nemendur
  - Móttaka nýnema og eldri nýnema.
  - Náms- og starfsráðgjöf.
  - Brautaruppbygging í Innu.
  - Foreldrafélagið.
- Starfsfólk
  - Office 365.
  - Skjalamál.
  - Jafnlaunavottun.
- Umhverfismál
  - Flokkun, plast og lífrænt.
  - Eftirlit í hádegishléi.
- Húsnæði
  - Miklar endurbætur undirbúnar innan og utanhúss.
- Heimasíða

- Mikil tiltekt og uppfærsla.
- Inna og upplýsingaflæði til nemenda
  - Námsáætlanir í Innu.
  - Notkun Innu.
  - Töflubreytingar í Innu.
  - Fréttabréf til nemenda og forráðamanna.

## 2 Lýsing á starfsemi

Menntaskólinn við Hamrahlíð er framhaldsskóli í Reykjavík og starfar skv. *Lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008*.


Hlutverk skólans er, samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti, kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum óbundins áfangakerfis. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. framhaldsskólalögum frá 2008 og aðalnámskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2011: Félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, opin braut, tónlistarbraut og listdansbraut. Að auki er boðið upp á IB-nám samkvæmt sérstakri námskrá *International Baccalaureate Organisation*, þ.e. nám til samræmds alþjóðlegs stúdentsprófs. Einingafjöldi á brautum skólans er 215. Upplýsingar um skipulag þessara brauta má finna á vef skólans. Allir nemendur skólans stunda nám skv. framhaldsskólalögum frá 2008.

### 2.1 Nemendur

Nemendafjöldi í MH var 1230 í byrjun september 2018, þar af voru 267 nýnemar. Nemendafjöldi var 1120 í janúar 2019 og þar af voru 43 nýnemar. Umsóknum nýnema á vorönn hefur fækkað og má rekja það til minni færslu á milli skóla vegna styttingar náms til stúdentsprófs.

#### 2.1.1 Útskriftarnemar

Útskrifaðir stúdentar á skólaárinu voru alls 256. Haustið 2018 útskrifuðust 130 nýstúdentar og 126 í maí 2019.



Mynd 1 Munur á fjölda útskrifaðra nemenda á milli haustanna og voranna virðist vera að minnka.


#### 2.1.2 Listdansskólarnir

Skólinn er kjarnaskóli fyrir listdans og sér um utanumhald og skráningu á áföngum og einingum í listdansi fyrir alla framhaldsskóla.

	haust 2017			vor 2018			haust 2018			vor 2019		
	fjöldi	einingar	Einingar / nem	fjöldi	einingar	Einingar / nem	fjöldi	einingar	Einingar / nem	fjöldi	einingar	Einingar / nem
Listdansskóli Íslands	17	268	16	19	281	15	21	280	13	22	370	17
Listdansskóli JSB	41	384	9	45	680	15	48	492	10	44	860	20
Klassíski listdansskólinn	12	146	12	10	124	12	18	225	13	18	205	11
Listdansskóli Reykjanesbæjar	6	50	8	6	55	9	6	26	4	2	23	12

Mynd 2 Fjöldi nemenda, samtals einingar og meðalfjöldi eininga listdansskólanna eftir önnum.

Skólaárið 2018 – 2019 voru skráðar einingar frá Listdansskóla Íslands hjá 21 nemanda að hausti og 22 að vori. Frá Listdansskóla JSB voru skráðar einingar hjá 48 nemendum að hausti og 44 að vori. Frá Klassíska listdansskólanum voru skráðar einingar hjá 18 að hausti og 18 að vori og frá Listdansskóla Reykjanesbæjar voru skráðar einingar frá 6 nemendum að hausti og 2 að vori 2019. Nemendur á listdansbraut MH voru 29 (þar af 18 nýnemar) á haustönn 2018 og 25 á vorönn 2019 (þar af 1 nemandi sem hóf nám vorið 2019).



Mynd 3 Fjöldi eininga sem hver nemandi í listdansskólunum tekur á hverri önn er misjafn.


Nemendur sem stunda nám í listdansskólunum dreifast á marga framhaldsskóla. Fjöldi nemenda sem er í MH er 24 og af þeim voru 18 skráðir á listdansbraut vorið 2019.

	Fjöldi nemenda alls	Alls í MH	Listdansbraut í MH	Fjöldi í öðrum framhaldsskólum
Vor 2019				
Listdansskóli Íslands	22	9	9	13
Listdansskóli JSB	44	13	8	31
Klassíski listdansskólinn	18	2	1	16
Listdansskóli Reykjanesbæjar	2	0	0	2

Mynd 4 Flestir nemendur sem eru í MH og stunda listdansnám eru á listdansbraut.

### 2.1.3 Námstími nemenda


Eitt af markmiðum skólans (skv. stefnuskjali til ríkisaðila) er að hækka hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi frá MH á þremur árum frá innritun í MH haustið eftir námslok grunnskóla. Í útskriftarhópnum vorið 2019 voru 44% nemenda fædd árið 2000 og luku þar með náminu á 3 árum. Hins vegar voru 46% útskrifaðra fædd árið 1999. Fylgst verður áfram með námstíma nemenda í MH. Þó mun flækja málið að haustið 2019 innritast nemendur á 205 eininga brautir og allir nemendur sem útskrifast vorið 2020 eða seinna munu útskrifast samkvæmt þeim einingafjölda. Þar með ætti nemendum sem útskrifast með þriggja ára stúdentspróf að fjölga.



Mynd 5 Vorið 2019 var hlutfall þeirra sem luku stúdentsprófi á þremur árum rúmlega 45%.

## 2.2 Starfsfólk

Við skólann starfa 80 til 90 kennarar á hverri önn, 3 yfirstjórnendur (rektor, konrektor og áfangastjóri), 1 fjármálastjóri, 3 námstjórar (sem jafnframt eru kennarar), 1 deildarstjóri sérnáms, 1 sérkennari sérnáms, 1 deildarstjóri IB náms, 3 náms- og starfsráðgjafar í tæpum 3 stöðugildum, 1 sálfræðingur, 2 sérkennarar / táknmálstúlkar, 2 bókasafnsfræðingar, 2 starfsmenn á skrifstofu, 1 og 1/2 kerfis- og tækjastjóri, 1 og 1/2 húsvörður, 0,6 skjalastjóri og 10 – 12 ræstitæknar. Heildarfjöldi starfsmanna er að jafnaði um 120.



Mynd 6 Aldursdreifing starfsmanna í MH.

### 2.2.1 Starfsánægja í MH

Eitt af markmiðum MH er að auka starfsánægju starfsmanna og þau gögn sem eru lögð til grundvallar er könnunin Stofnun ársins og starfsmannasamtöl.

Starfsmannasamtöl hafa verið í gangi og veturinn 2018 - 2019 voru raungreinakennarar, stærðfræðikennarar og tungumálakennarar teknir í viðtal. Margir voru að fara í sitt fyrsta starfsmanni viðtal. Ábendingar um það sem betur má fara hafa komið fram í þessum samtölum og eru þau öllum til gagns. T.d. ræddu nokkrir um ókosti við að hafa litla skjái á nýju fartölvunum og þá fengu þeir sömu auka skjái sem til voru eftir að allar tölvur voru fjarlægðar úr stofum. Þetta er því góð leið til að leysa smá en þó mikilvæg vandamál.


Niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins eru kynntar á hverju vori. MH var í 13. sæti af 82 stofnunum og var mikil ánægja með þá niðurstöðu.

**STOFNUN ÁRSINS - Einkunnir einstakra stofnana (alls 9166 svarendur).**

Stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri	Heildar-einkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall
Meðaltal	3,941	3,98	4,17	2,91	3,78	4,15	4,19	3,76	4,12	4,22	
1. Ríkisendurskoðun	4,449	4,46	4,53	3,92	4,41	4,82	4,48	4,30	4,50	4,57	80-100%
2. Reykjalundur *	4,428	4,43	4,61	3,42	4,22	4,43	4,54	4,88	4,70	4,48	60-69%
3. Fjölbrautaskólinn við Ármúla	4,383	4,49	4,72	3,59	4,22	3,94	4,57	4,20	4,74	4,63	80-100%
4. Ríkisskattstjóri	4,377	4,46	4,61	2,96	4,40	4,66	4,44	4,40	4,58	4,59	80-100%
5. Skógræktin	4,310	4,29	4,56	3,30	4,41	4,49	4,29	4,29	4,41	4,50	60-69%
6. ÁTVR	4,296	4,43	4,47	3,47	4,12	4,28	4,41	4,31	4,42	4,52	50-59%
7. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4,291	4,28	4,52	3,46	4,08	4,17	4,56	4,19	4,59	4,57	60-69%
8. Náttúrufræðistofnun Íslands	4,288	4,27	4,46	3,08	4,60	4,43	4,31	4,44	4,50	4,28	70-79%
9. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	4,286	4,38	4,44	3,21	4,18	4,49	4,44	4,04	4,51	4,62	60-69%
10. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	4,272	4,31	4,53	3,28	4,06	3,70	4,56	4,48	4,57	4,63	35-49%
11. Heilsustofnun NLFÍ *	4,253	4,13	4,30	3,20	3,91	4,43	4,45	4,77	4,57	4,50	35-49%
12. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins *	4,245	4,41	4,51	3,38	4,38	4,57	4,45	3,73	4,47	4,12	80-100%
13. Menntaskólinn við Hamrahlíð	4,196	4,33	4,48	3,30	3,69	3,85	4,59	4,46	4,57	4,30	50-59%

Mynd 7 Upplýsingar um stofnun ársins 2018 má finna á heimasíðu könnunarinnar.

Einkunn stofnunarinnar sem kallast „Starfsandi“ hefur hækkað og ánægja virðist vera ríkjandi í MH.



Mynd 8 Það er gott að vinna á vinnustað þar sem jákvæðnin er í fyrirrúmi.





Mynd 9 Það er ánægjulegt að sjá að heildareinkunn stofnunarinnar fer hækkandi.

Til þess að auka starfsánægju er búið að koma starfsmannasamtölum í reglubundið ferli og mun allt starfsfólk fara í starfsmannasamtal á a.m.k. tveggja ára fresti. Hluti af því að auka starfsánægju er að miðla með markvissari hætti upplýsingum innanhúss um það sem er að gerast í skólastarfinu, t.d. með vikupistlum rektors. Innanhússkennsluráðstefna hefur verið haldin tvisvar þar sem kennarar kynna fagleg efni tengd kennslu. Markmiðið er að auka umræðu um kennslufræði í MH og hvetja um leið til faglegs samstarfs. Einnig hefur skólinn sett sér það markmið að senda starfsfólk á fagráðstefnur erlendis á hverju ári. Vorið 2019 fóru 2 kennarar, einn stjórnandi, námsráðgjafi og sérkennari saman á BETT. Ofangreindar aðgerðir miða að því að auka starfsánægju og auka samstarf.

### 2.3 Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði skólans er ríflega 10.000 fermetrar að stærð. Húsið skiptist í eldra hús sem er um 7000 fermetrar og nýrri byggingu (frá árinu 2007) sem er um 3000 fermetrar. Kennslustofur eru 38, þar með talið kennslueldhús og raungreinastofur. Auk þess eru kór og leiklist kennd í hátíðarsal skólans sem nefnist Mikligarður. Í nýrri byggingunni eru auk þess þrjár misstórir líkamsræktarsalir og þrektækjasalur. Aðgengi fyrir fatlaða/hreyfihamlaða er gott í skólanum, bæði að kennslustofum og almennum rýmum. Lyftur eru á þremur stöðum í skólanum sem nemendur og starfsfólk hefur aðgang að. Auk þess eru skábrautir þar sem við á.

Stofunýting er mjög góð. Erfitt er finna lausar kennslustofur á kennslutíma þar sem stofur eru oftast allar uppteknar til kl. 16:15 á daginn. Norsku- og sænskukennsla fer fram eftir kl. 16:15 og einnig hafa listdansskólarnir og Siðmennt nýtt kennslurými eftir að hefðbundinni kennslu lýkur. Ísaksskóli var í íþróttahúsi MH eftir hádegi á föstudögum vorönn 2019. Nemendafélagið og nemendur nýta stofur skólans fyrir ákveðna starfsemi en sótt er sérstaklega um afnot á skrifstofu. Norðurkjallari er í umsjón nemendafélagsins og er hann nýttur í ýmsa viðburði tengda félagslífi nemenda.

Á hverju ári er gerð framkvæmdaáætlun sem miðar að því að bæta aðbúnað og vinnuástandi nemenda og starfsfólks. Nokkuð hefur verið um viðhald á húsnæðinu og húsgögn verið endurnýjuð og er það ferli sem er sífellt í gangi. Í maí 2019 fór af stað vinna við umbætur í MH í samvinnu við arkitekt skólans (Ögmund Skarphéðinsson) og Fasteignir ríkisins. Sumarið 2019 voru fjórar kennslustofur endurnýjaðar og eitt vinnuherbergi kennara. Auk þess voru settar upp rafhleðslustöðvar fyrir fjórar bifreiðar á bílastæðum skólans og munu þær komast í gagnið haust 2019. Stefnt er að frekari endurnýjun á kennslustofum og salernum nemenda og starfsmanna á komandi misserum auk þess sem fyrir liggur beiðni um að skipuleggja viðtalsherbergi fyrir kennara og starfsfólk.

Upphækkanleg skrifborð hafa verið sett á starfsstöðvar þar sem starfsfólk er bundið langri viðveru. Einnig hafa stólar verið endurnýjaðir og/eða bólstraðir eftir þörfum.


## 2.3.1 Bókasafnið

Nemendur skólans geta fengið vinnu á bókasafninu þegar þeir eru með eyður í stundatöflu. Um 13 nemendur sinna þessu starfi í samtals um 40 stundir á viku. Notkun á safngögnum er svipuð milli ára, tæp 9000 útlán. Þar af eru um 6500 innanhússlán þar sem kennslubækur, orðabækur, tæki og tól eru lánuð. Þar af eru útlán á tækjum, þ.e. tölvum, heyrnartólum og reiknivélum rúmlega 3000.

Notkun á vinnuaðstöðu var svipuð milli ára. Bókasafnið er ágætlega nýtt meira og minna allan daginn.

## 2.3.2 Matsalan Sómalía

Í matsölu nemenda starfa nemendur ásamt matsölustjóra. Nemendur hafa verið duglegir að vinna og hefur verið eftirsóknarvert að fá vinnu í Sómalíu. Undanfarnar annir hefur borið á því að nemendur sækist minna eftir vinnunni. Nemendur hafa einfaldlega mun fleiri tíma í töflu en áður og hafa því minni tíma til að sinna öðru. Á vorönn 2019 var ráðinn starfskraftur til að aðstoða í matsölunni, í u.þ.b. 40% hlutfall og þá reynir minna á að nemendur komi til starfa.




Mynd 10 Fjöldi nemenda sem tekur að sér að vinna í Sómalíu með námi hefur minnkað.

## 2.4 Kennslustundir og áfangar

Áfangaframboð í skólanum hefur verið svipað síðustu árin. Kenndir áfangar haustið 2018 voru 229 og samtals fjöldi kenndra hópa var 411. Breytingar milli anna eftir deildum eru líka svipaðar.

	Kenndir áfangar	Fjöldi hópa
Haust 2016	213	389
vor 2017	208	372
Haust 2017	216	402
Vor 2018	244	419
Haust 2018	229	411
Vor 2019	231	396




Mynd 11 Breytingar á fjölda hópa eftir deildum virðist vera í svipuðum takti milli anna.

## 2.5 Kennslukerfið Inna

Kennslukerfið Inna er í stöðugri þróun. Á vegum Advania eru vinnuhópar með kennurum og starfsfólki skólanna. MH á fulltrúa í stýrihóp sem hefur það að markmiði að veita Advania upplýsingar um hvernig ákveðin mál snúa að skólarekstrinum. Einnig á MH fulltrúa í stýrihóp tengdum stjórnunarhluta Innu og annan í námshluta Innu. Við í MH viljum nota Innu sem mest og viljum leggja meiri áherslu á notkun kennara á námshluta Innu. Það hefur ekki gengið eins vel og við myndum vilja en mögulega er það okkur sjálfum að kenna þar sem við höfum ekki skyldað kennara til að nota Innu, nema hvað varðar nokkur atriði.

Kennari getur búið til tilkynningu eina og sér sem allir nemendur sjá og kennari getur líka sent póst og þá verður til tilkynning. Sumir kennarar nota tilkynningar ekki neitt þar sem einnig er hægt að setja skilaboð beint inn í stundatöflu áfangans sem nemendur sjá.



Mynd 12 Tilkynningar í Innu eru ein leið til að ná til nemenda.

Langflestir kennarar setja inn eitthvert efni fyrir nemendur að skoða og yfir 50% kennara settu inn meira en 100 færslur á vorönn 2019. Það sem skekkir þessar tölur er að margar þessara færslu eru afritanir frá fyrri önn sem voru ekki sýnilegar nemendum. Gaman væri að geta séð virkni kennara í

kerfinu eftir dögum þannig að hægt væri að gera sér betur grein fyrir hversu virkir kennarar eru á Innu.

## 2.6 Fjármál

Heildarútgjöld skólans á árinu 2018 voru 1.511,6 millj. kr. og var rekstrarafgangur ársins rúmar 42 millj. kr. Rekstrarstaða skólans var því góð og í samræmi við áætlanir. Launabátturinn í áætlun er rúm 80% og hefur verið að aukast í samræmi við hækkandi aldur kennara. Góð rekstrarstaða hefur gefið skólanum tækifæri til að endurnýja húsbúnað og tæki inni í kennslustofum sem er jákvætt fyrir skólastarfið.

## 2.7 Kennslukannanir


Kennslukannanir eru framkvæmdar á hverri önn og er skipt eftir deildum. Flestar námsgreinar gangast undir kennslukannanir á þriggja anna fresti. Markmiðið er að fá endurgjöf frá nemendum um það sem vel er gert og hvað má betur fara. Nemendur eru hvattir til að koma með uppbyggilega gagnrýni eins og við á en ekki síður hrósa fyrir það sem vel er gert. Kannanirnar eru framkvæmdar í INNU og eru þær lagðar fyrir þegar u.þ.b. 3 vikur eru eftir af kennslu viðkomandi námsannar. Matinu er skipt upp í eftirfarandi flokka: Áfanginn (5 sp.), nemandinn (3 sp.), kennslan (4 sp.) og kennarinn (3 sp.). Allir kennarar fá niðurstöður birtar í INNU auk þess sem samantekt er dreift á hvern og einn kennara þar sem koma fram meðaleinkunnir eftir kennslu- og kennaraspurningum. Í starfsmannaviðtölum er farið yfir kannanirnar eins og hæfir hverju sinni en kennarar velja þeim mismikið fyrir sér. Auðvitað eru þær ekki besta mat á áfanga eða kennslu en þær ættu að vera vísbending um það sem vel er gert og einnig ef eitthvað er að. Gerðar eru kannanir í IB samhliða en þær eru ekki hafðar með hér.

Kennslukannanir hafa ekki verið gerðar í líkamsrækt en úr því verður bætt haustið 2019.

Námsgreinar í kennslukönnunum frá hausti 2016 til vors 2019.

2016H	94	Íslenska, saga, félags- og skapandi greinar
2017V	80	Raungreinar, stærðfræði og hússtjórn
2017H	103	Erlend tungumál
2018V	99	Íslenska, saga, félags- og skapandi greinar
2018H	72	Raungreinar og stærðfræði
2019V	87	Erlend tungumál

Þátttaka í könnunum hefur ekki verið nógu mikil að okkar mati, of fáir nemendur hafa gefið sér tíma til að svara. Ýmislegt hefur verið reynt til að auka þátttöku. Hvatningarbréf hafa verið send á nemendur og kennarar hafa gefið þeim tíma til að svara í kennslustundum. Flestir svara könnunum strax svo það er spurning hvort gefa eigi styttri tíma til að svara og vera með einhvers konar uppákomur því tengdar til að hvetja nemendur til að taka þátt.



Mynd 13 Svörun í kennslukönnunum hefur verið í kringum 60% en áhugi er fyrir því að auka hana.

Í kjölfar kennslukönnunar eru kennarar kallaðir í viðtal hjá stjórnendum þannig að þeir fái endurgjöf á matið.

#### 2.7.1 Kennslukönnun í lífsleikni nýnema

Haustið 2018 var gerð könnun í lífsleikniáfanga nýnema þar sem þeir voru spurðir út í áfangann lífsleikni og beðnir um að meta hann. 66% nýnema svöruðu könnuninni.

Rúmlega 80% voru mjög eða frekar sammála um að áfanginn væri góður til að kynna skólanum, áfangakerfinu, húsnæðinu og vita hvert ætti að leita ef þau væru í vandræðum. Þau voru ekkert endilega á því að áfanginn þjónaði því hlutverki að þau kynntust betur innbyrðis en voru sátt við þær kynningar sem þau fengu frá stoðþjónustu og sálfræðingi.

Textasvör nemenda gáfu yfirleitt til kynna ánægju með áfangann en ýmsar ábendingar komu fram: Tíminn mætti vera styttri (2 klst. í stað 3 klst.) , verkefnið mætti vera meira krefjandi og það væri gott að fá að vita meira um reglur skólans. Áfanginn er til endurskoðunar haustið 2019 og þá nýtast athugasemdirnar sem gagnlegt innlegg.


## 2.8 Tölulegar upplýsingar

Að venju voru framkvæmdar ýmsar gagnagreiningar á árinu. Niðurstöður eru nýttar af skólastjórnendum við skipulag skólstarfs, til umræðu á kennarafundum og/eða þær eru sendar deildum til umfjöllunar.

Úr skólakerfinu, Innu, er hægt að nálgast ýmis gögn á misauðveldan hátt. Ferlið hjá okkur við það að safna upplýsingum mætti bæta. Til dæmis yrði samanburður markvissari ef listar af gögnum yrðu sóttir úr kerfinu á sama tímapunkti á hverri önn.

#### 2.8.1 Fjöldi nemenda

Fjöldi nemenda í MH er oftast í kringum 1200. Fjöldinn er meiri að hausti en vori sem skýrist af útskrift um jólin og færri nýjum nemendum sem eru teknir inn á vorönn á móti.




Mynd 14 Fjöldi nemenda hverju sinni er alltaf meiri á haustönn og virðist munurinn á milli anna vera að breikka.

Í júní 2019 eru skráðir 1177 nemendur í skólann en þar af eru 250 nýnemar og 50 eldri nýnemar. Í byrjun annar í ágúst 2019 eru skráðir nemendur 1140.

### 2.8.2 Aldur nemenda


Aldur nemenda í MH getur teygst sig yfir stórt bil þar sem skólinn er áfangaskóli og nemendur geta ráðið sínum námshraða að stórum hluta sjálfir. Margir nemendur taka sér hlé frá námi í lengri eða skemmri tíma en koma svo aftur og vilja klára. Nýnemar haustsins 2018 voru flestir fæddir 2002 fyrir utan 6 nemendur sem voru fæddir 2003. Helmingur þeirra er á IB braut. Einnig voru haustið 2018 fimm nemendur fæddir fyrir árið 1996. Þau sóttu ekki tíma í MH heldur luku námi sínu í fjarnámi í öðrum skólum og útskrifuðust svo um júlín 2018.



Mynd 15 MH tekur á hverri önn á móti nokkrum nemendum sem vilja koma aftur og klára það litla sem þeir eiga eftir.


### 2.8.3 Fjöldi útskrifaðra nemenda í MH frá hausti 2014 – vors 2019

Að jafnaði útskrifast fleiri nemendur að vori en um jól. Vegna tilfærslu nemenda milli þriggja og fjögurra ára stúdentsbrauta var jólaútskriftin haust 2017 sú stærsta í sögu skólans. Að jafnaði ættu um 25-33% nemenda að útskrifast á hverju ári, þ.e. samtals í desember og maí.



Mynd 16 Markmið skólans er að útskrifa nemendur og gleður það okkur mikið að horfa á þessa hópa á sviðinu á Miklagarði í lok hvernna annar.

Vorið 2019 óskaði blaðið Mannlíf eftir upplýsingum um kyn dúxa skólans. Okkur fannst þessi spurning vera úr takti við umræðuna um að aðeins séu viðurkennd tvö kyn og því ætti að vera tímasekkja að óska eftir þessum upplýsingum. En ef til vill var þetta síðasta tækifærið til að gefa umbeðnar upplýsingar svo við urðum við beiðninni. Á tuttugu ára tímabili voru 16 dúxar konur og 6 karlar. Tvisvar gerðist það að tveir nemendur voru með jafnháa einkunn á stúdentsprófi og í bæði skiptin voru það dúxar af sitthvoru kyni. Þess vegna voru dúxarnir samtals 22 en ekki 20. Vorið 2019 var í fyrsta skipti, svo munað sé, ekki talað um kyn útskriftarnema þegar talið var upp hversu margir væru að útskrifast úr skólanum. Fyrir á tímum hefur það þótt merkilegt að konur skyldu útskrifast úr menntaskóla og því hefur þurft að minnast á það. Smám saman náðu þær fjölda karlstúdenta og fóru að lokum fram úr. Nú í dag eru mun fleiri stúdentar konur eða 70% og þar sem kynjum fer fjölgandi þá er ágætt að láta staðar numið hér þar sem kyn er ekki lengur eitthvað sem fólk er flokkað eftir.




Mynd 17 Flokkun dúxa skólans eftir kyni er tímasekkja.

## 2.9 Nýnemar

Nýnemar á hverju hausti eru settir í lífsleikniáfangar og hafa sama umsjónarkennara fyrstu tvær annirnar. Stundum heldur umsjónarkennarinn áfram með hópinn sinn og þá geta nemendur verið með einn umsjónarkennara út allan námstímann. Umsjónarkennarinn fylgist með námsframvindu og er nemendum til upplýsinga og aðstoðar á meðan á námi stendur.


Á fyrsta kennsludegi að hausti eru nýnemar boðnir velkomnir í skólann af eldri nemendum. Sú athöfn er alfarið í höndum nemendafélagsins og bíða stjórnendur spenntir hvert haust til að sjá hverju bryddað verður upp á. Haustið 2018 var nemendum safnað saman í leikfimisal skólans undir stjórn nemendafélagsins. Eftir venjulegan kennsludag var farið upp í Öskjuhlíð, upp að Beneventum og nýnemarnir vígðir inn í NFMH. Stjórnendum fannst athöfnin um morguninn frekar rýr og hefur biðlað til nemendastjórnarinnar að gera enn betur næsta haust.

Í byrjun annar fá foreldrar nýnema kynningu á skólafarfinu og hefur sú kynning verið vel heppnuð. Farið er yfir starfsemi skólans, umhverfi nemendanna og helstu starfsmenn kynntir. Kórinn hefur sungið og veitingar seldar til styrktar honum. Foreldrar og forráðamenn svara könnun um skólann og innra starf hans eftir kynninguna. Haustið 2018 var þessi könnun gerð rafrænt. Svör við könnuninni hafa orðið til þess að ýmsu hefur verið breytt. Eitt af því sem hafði verið óskað eftir var að kynningarfundur væri fyrr á önninni og var brugðist við því haustið 2018. Margir foreldrar vilja að skólinn sé með heitan mat í hádeginu. Erfitt getur verið að bregðast við því en búið er að funda um málið með arkitekt skólans og setja málið í hendur fasteigna ríkisins. Foreldrafélag skólans heldur fundi og kynningar sem foreldrum er boðið að taka þátt í, jafnvel í samstarfi við aðra skóla. Almennt voru foreldrar og forráðamenn ánægðir með móttöku nýnema.



Mynd 18 Grunnskólanemendur geta valið um ýmislegt þegar þeir velja sér framhaldsskóla og hefur fjölbreytni í námi aukist.

Haust 2018 voru samþykktar 300 umsóknir nemenda sem voru að ljúka grunnskóla. Flestir nýnemar innrituðust á opna braut eða 127 nemendur.




Mynd 19 Vinsældir brautanna eru misjafnar og spurning hver framtíðin verður.

Opna brautin er langvinsælust en þar gefst nemendum kostur á að velja sér sjálfir hvaða námsgreinar þeir vilja leggja áherslu á. Þeir velja sér 3 – 4 kjörgreinar og þurfa að taka 25 einingar í fyrstu kjörgrein og 15 í hinum þremur. Samsetning kjörgreina er mjög mismunandi og sýnir oft mikið hugmyndaflug. Ef nemandi velur t.d. stærðfræði sem fyrstu kjörgrein þá tekur hann 7 – 10 áfanga í stærðfræði (35 – 50 einingar). Ef nemandi velur íslensku sem fyrstu kjörgrein þá getur hann verið með 10 – 15 áfanga



(50 – 75 einingar) í íslensku í stúdentsprófi sínu. Haustið 2019 munum við breyta uppbyggingu opnu brautarinnar þannig að kjörgreinum fækkar í þrjár. Sú fyrsta verður 25 einingar, önnur 20 einingar og sú þriðja inniheldur 15 einingar.


Nemendur sem koma inn í skólann eru flestir með góðar einkunnir og er oft mikil samkeppni að komast inn.



Mynd 20 Einkunnir ber alltaf að taka með fyrirvara en þær eru samt sá mælikvarði sem við höfum til að vinna eftir.

Langflestir nemendur sem innritast í skólann eru með B+ og B í einkunn í stærðfræði og íslensku úr grunnskóla. Fleiri nemendur innritast með A í stærðfræði en í íslensku og á móti eru fleiri nemendur með B í íslensku en í stærðfræði. Enginn nemandi var tekinn inn með C í íslensku en nokkrir í stærðfræði. Haustið 2018 buðum við upp á fornámsáfangna í stærðfræði í fyrsta skipti í langan tíma til að koma til móts við þá sem fengu C í stærðfræði. Um leið hættum við að bjóða upp á hægferð í stærðfræði.


Einkunnir nemenda í ensku eru hærri en í dönsku og enginn nýnemi haustið 2018 var með C í ensku. Haustið 2018 voru 16 nýnemar með C í dönsku upp úr grunnskóla. Tveir af þeim hafa hætt í skólanum. Af þeim 14 sem eftir eru hafa 7 tekið dönsku en hinir ætla að taka hana í haust. 5 af þessum 7 náðu, þannig að 70% nemenda sem komu inn í skólann með C í dönsku og hafa setið áfangann í MH, hafa náð honum. Umræða hefur verið um hvort bjóða eigi upp á fornámsáfangna eða hægferðaráfangna í dönsku til að koma til móts við þarfir nemenda.



Mynd 21 Í MH er hægt að læra sænsku eða norsku ef viðkomandi hefur ekki lært dönsku í grunnskóla.


Meðaleinkunn úr íslensku, stærðfræði og ensku er reiknuð með því að umreikna bókstafi yfir í tölur þar sem hæsta einkunn A er 4 og lægsta einkunn C er 2. Þessar meðaleinkunnir segja ekki allt og eru

bara til viðmiðunar til að þægilegt sé að skoða og bera saman. Í mörgum tilfellum er það ekki meðaleinkunnin sem segir til um hvort nemandi komist inn í skólann eða ekki.




Mynd 22 Einkunnir í stærðfræði, íslensku og ensku hafa ákveðið forspárgildi.

Nemendur eru valdir inn í skólann á grundvelli einkunna. Því er áhugavert að skoða hversu vel þeim gengur í fyrstu áföngunum sem þau taka í skólanum.



Mynd 23 Gengi nýnema í MH í grunnáföngum í íslensku, stærðfræði og ensku (hraðferðar áfangar eru ekki með í þessum tölum).

Tvöföld hraðferð er skilgreind þannig að efni tveggja fyrstu áfanga fagsins er kennt í einum áfanga, svokölluðum AB-áfanga. Miðað er við að nemendur geti farið á annan hátt í gegnum efnið þar sem þeir hafi mjög góðan undirbúning. Boðið hefur verið upp á AB-áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku. Nýnemar eru að jafnaði með hæstu einkunnirnar í ensku, af þessum þremur áföngum. Munur milli ára er ómarktækur. Nokkur munur er á árangri nýnema í tvöföldu hraðferðunum og erfitt að geta sér til um skýringar en nokkur munur getur verið á þeim nemendum sem innritast í áfangana hverju sinni.




Mynd 24 Hraðferðir þar sem nemendur taka sambærilegt efni og er í tveimur fyrstu áföngunum í faginu á einni önn.

Athygli vekur að meðaleinkunn hækkar í öllum greinum haust 2018 en tekið var eftir því að sá árgangur stóð mun betur en árgangurinn árið á undan.

Haustið 2018 breyttum við áfangaheiti XXXX2AB07 í XXXX2AB10. Það olli nemendum okkar erfiðleikum að hafa áfangana 7 einingar þar sem efnið var skilgreint sem efni tveggja áfanga en einingarnar einungis 7. Sumir erlendir háskólar leggja áherslu á fjölda eininga í ensku og þá getur verið erfitt að útskýra að enginn efnislegur munur væri á því að hafa lokið 7 eða 10 einingum.

## 2.10 Námsbrautir

Menntaskólinn við Hamrahlíð býður upp á nám á sex brautum til stúdentsprófs auk sérnámsbrautar og IB-brautar (International Baccalaurate). Haustið 2019 innritast nýnemar á 205 eininga námsbrautir fyrir utan listdansbraut og tónlistarbraut eins og áður hefur komið fram. Flestir nemendur stunda nám á opinni braut (42%) og náttúrufræðibraut (22%). Nemendum hefur fækkað á mála- og félagsfræðabraut með tilkomu opnu brautarinnar enda geta nemendur á opinni braut valið sér sérhæfingu sem hæfir best því námi sem þeir hyggjast leggja stund á í framtíðinni.



Mynd 25 Opna brautin er stærst en þar þurfa nemendur sjálfir að skipuleggja hvaða greinar þeir vilja leggja áherslu á.

Sérnámsbraut, listdansbraut og tónlistarbraut hafa ekki verið staðfestar en verið er að vinna að því.

### 2.10.1 IB-brautin

Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur boðið upp á IB-nám síðan 1997. Til að mega bjóða upp á IB-nám þarf að fara gegnum strangt umsóknarferli IB-samtakanna (IBO) og uppfylla ýmis skilyrði. IB-námið er í raun tvískipt. Annars vegar er eins árs undirbúningur, Pre-IB, og hins vegar tveggja ára námsbraut, IB Diploma. Henni lýkur með IB Diploma sem er ígildi stúdentsprófs. Útskriftarefni þreyta samræmd skrifleg lokapróf í maí á sama tíma og þúsundir annarra IB nemenda úti um allan heim. Nemendurnir taka þátt í útskriftarathöfn MH en það kemur ekki í ljós fyrir en í júlí ár hvert hvort nemendur hafi náð IB Diploma eða ekki.

Nemendahópurinn er mjög fjölbreyttur og endurspeglar það meðal annars í móðurmálsvali. IBO leggur mikla áherslu á að nemendur læri sitt móðurmál og kynnist menningu síns heimalands gegnum bókmenntir. IB býður þar af leiðandi upp á sjálfsnám í flestum tungumálum heims. Í MH er boðið upp á kennslu í ensku og íslensku. Önnur móðurmál eru í boði sem sjálfsnám undir handleiðslu móðurmálskennara. Skólaárið 2018-2019 lögðu nemendur í MH stund á 14 ólík tungumál í sjálfsnámi.

## 2.11 Stöðumat


Skólinn hefur boðið nemendum upp á stöðumat í fjölmörgum tungumálum, m.a. spænsku, ensku, dönsku, þýsku, ítölsku, frönsku, hollensku, víetnömsku, persnesku, pólsku, o.fl. Vandasamt er að finna matsmann/kennara í sumum þessara tungumála en nokkur vinna hefur fallið á starfsfólk skólans vegna þessa. Nemendur eru ánægðir með þessa þjónustu og hefur skipulag stöðumats verið á hendi námstjóra tungumála. Hingað til hefur þessi þjónusta verið nemendum að kostnaðarlausu.

Skólinn er með stöðupróf í norsku og sænsku og er það fyrir alla sem treysta sér í það. Nánari lýsing á stöðuprófi í þessum tungumálum er á heimsíðu skólans, en umfang þess er öðruvísi en annarra tungumála.

## 2.12 Skólasókn

Skólasókn nemenda er með ágætum og voru 38% nemenda með 10 í einkunn í skólasókn haustið 2018 og 16% með 9 í einkunn. Vorið 2019 voru 36% með 10 og 14% með 9 í skólasóknareinkunn.

Til að fá skólasóknareinkunn 5 þá þarf nemandinn að vera með 80-82% skólasókn. Um leið og mæting nemenda fer undir 80% viðmiðið á önninni þá eru þeir kallaðir til áfangastjóra og fara í viðtal hjá náms- starfsráðgjöfum.



Mynd 26 Skólasókn skiptir miklu máli og það vita MH-ingar.

Ofangreind mynd sýnir að fleiri nemendur eru með hærrí einkunnir að hausti en að vori. Helsta skýringin er sú að þá eru fleiri nemendur í skólanum. Það er vissulega gleðiefni að mæting nemenda er almennt séð með ágætum.

Þegar farið er yfir mætingar í lok hvernar annar þá fá þeir sem eru með langtímaþvottorð eða eru undir sérstöku eftirliti námsráðgjafa einkunnina *staðið* í staðinn fyrir *fall*. Þeir sem eru með einkunnina *fall* hafa svo sannarlega ekki mætt vel og hafa ekkert sér til málsbóta.


	Fall	Staðið	Einkunn 5 - 7	Einkunn 8 - 10
V2016	3%	7%	31%	59%
H2016	2%	5%	25%	67%
V2017	4%	5%	31%	60%
H2017	4%	5%	26%	65%
V2018	6%	7%	31%	56%
H2018	4%	5%	25%	66%
V2019	4%	5%	29%	62%

Skólasóknarreglur hafa verið til umræðu í vetur, meðal annars á kennarafundi sl. vor. Haldið verður áfram með þá umræðu næsta haust og tekin ákvörðun fyrir vorið 2020 um nýjar reglur. Verið er að kanna hvernig hægt sé að taka meira tillit til veikinda því fylgir að breyta þarf viðmiðum um mætingar.

## 2.13 Afföll og nýtingarhlutfall

Á hverju skólaári er stefnt að því að nýtingarhlutfall í áföngum sé í kringum 95% og að afföll úr áföngum fari ekki yfir 5%. M.ö.o. að 95% skráðra nemenda í áföngum mæti í lokapróf eða fái

lokánámsmat. Síðastliðin tvö ár hefur tekist að ná þessu markmiði með góðum árangri og hafa úrsagnir úr áföngum verið með minnsta móti. Skólinn hefur reynt að bregðast við úrsögnum með því að auka stoðþjónustu við nemendur sem eru á hættumörkum að falla úr námi. Nemendum sem vilja segja sig úr áfanga eða námi er gert að ræða við náms- og starfsráðgjafa eða námstjóra áður en til ákvörðunar kemur með það að markmiði að finna önnur úrræði.



Mynd 27 Afföll úr áföngum hafa verið ýmist ofan eða neðan við 5% viðmiðið.

## 2.14 Náms- og starfsráðgjöf

Þrír náms- og starfsráðgjafar eru starfandi við MH í samtals 2,6 stöðugildum.

Almennt aðgengi að ráðgjöfum er mjög gott í MH og þjónusta náms- og starfsráðgjafa er mjög vel nýtt. Nemendur koma með margvísleg erindi til úrlausnar sem mörg er hægt að leysa í einu viðtali. Sérstaklega mikil ásókn er í viðtöl í upphafi annar, kringum val nemenda og á álagstímum hvað varðar verkefnaskil og próf.

Nemendur sem þurfa meiri aðstoð frá náms- og starfsráðgjöfum eru sérstaklega skráðir hjá viðkomandi ráðgjafa í Innu. Þetta voru 227 nemendur, 158 stúlkur og 69 drengir á vorönn 2019. Þessir nemendur koma oftast en ekki vikulega í viðtal og í mörgum tilvikum er einnig samstarf við foreldra þeirra og jafnvel sérfræðinga utan skólans.

Alltaf er nokkur fjöldi nemenda sem sækir um að fá sérúrræði á próftíma vegna sértækra námserfiðleika. Nemendur þurfa að hafa greiningu frá fagaðila til að geta sótt um úrræðið. Í vor voru þeir spurðir hvort þeir væru sáttir við þá þjónustu sem skólinn veitti og hvort eitthvað mætti bæta. Langflestir voru mjög sáttir við þau úrræði sem þeim stóðu til boða.

STUÐ-áfanginn er hópráðgjöf sem styður nemendur sem eru í brotthvarfshættu. Þeir hafa eina kennslustund skráða á stundaskrá í STUÐ-áfanganum í eina önn og önnina á eftir mæta þeir til náms- og starfsráðgjafa í þrjú skipti. Þessi þrjú skipti virðast oft ekki duga til að halda þeim á beinu brautinni og að því þarf að huga á komandi skólaári.

## 2.15 Námsverið

Í námsverið leitar fjölbreyttur hópur nemenda skólans sem á í námslegum, félagslegum eða tilfinningalegum vanda. Erfiðleikar nemenda eru sértækir þannig að öll aðstoð er einstaklingsmiðuð.

Aðstoðin er fyrst og fremst aðstoð við heimanám, aðstoð við að skilja texta í námsefni og verkefnum og við yfirlestur ritgerða og verkefna. Einnig er mikið um aðstoð við fyrstu tvo áfangana í stærðfræði. Í námsveri starfa tveir kennarar.

Á haustönn 2018 þáðu 64 nemendur þjónustu í námsveri og 62 um vorið. Þetta þýðir að rúmlega 5% nemenda skólans þiggja aðstoðina þótt námsráðgjafar kynni hana töluvert fleirum. Þessar tölur eru aukning um ½% frá síðasta skólaári.

## 2.16 Sálfræðingur

Haustið 2016 var ráðinn sálfræðingur í nýtt starf við MH í 75% starfshlutfall. Lagt var upp með að hlutverk sálfræðingsins væri að bjóða upp á almenna skólasálfræðiþjónustu og útfæra starfið í samstarfi við starfsfólk skólans og nemendur. Skyldi sálfræðingur þjónusta og styðja nemendur í formi viðtala, ráðgjafar, fræðslu og námskeiða. Miðað var við að nemendum stæði til boða að panta viðtöl hjá sálfræðingnum þar sem fram færi almenn ráðgjöf og mat á vanda þar sem áhersla væri á fyrirbyggjandi inngríp og forvarnarvinnu.

Sálfræðingurinn hefur lagt áherslu á að vinna gegn brotthvarfi og bjóða nemendum upp á viðtöl sem fela í sér almenna ráðgjöf, mat á vanda og stuðning. Markmiðið er að þjónustan einkennist af fyrirbyggjandi inngrípi þar sem miðað er við að nemendur geti fengið 3-4 viðtöl hjá sálfræðingi skólans sér að kostnaðarlausu.

Einnig hefur verið gert ráð fyrir að sálfræðingurinn haldi námskeið og fyrirlestra fyrir nemendur, foreldra og kennara. Ljóst er að fjölbreyttar ástæður eru fyrir því að nemendur leita til sálfræðings skólans en þær algengustu eru að þau glíma við kvíða, vanlíðan, streitu og álag í daglegu lífi. Alls leituðu 156 nemendur til sálfræðings skólans á tímabilinu ágúst 2018 til júní 2019. Fleiri einstaklingsviðtöl fóru fram þetta árið til samanburðar við síðustu ár en nemendur bókuðu 492 viðtöl þennan veturinn til samanburðar við 343 (2017-2018) og 461 (2016-2017).



[Ársskýrslu sálfræðings má finna á heimasíðu skólans.](#)

### 2.16.1 Skólapúlsinn

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja úrtak nemenda í skólanum spurninga um líðan þeirra, virkni í náminu og um skóla- og bekkjaranda. Eftirtaldir þættir eru metnir: Vellíðan, lífshamingja, kvíði, þunglyndi, stjórn á eigin lífi, sjálfssálit, svefnvenjur, samsömun við nemendahópinn, viðhorf til skólans, stuðningur kennara, samband við kennara, einelti, áreitni og ofbeldi.


Lík og undanfarin ár þá greina um 50% nemenda MH frá því að hafa sjaldan eða aldrei verið útsofnir eftir nætursvefn síðustu 30 daga. Virðist svipuð þróun eiga sér stað hjá nemendum í samanburðarskólum þó svo að nemendur MH meti svefn sinn nokkru minni að jafnaði.

Í framhaldsskólapúlsinum er einnig spurt um kvíða- og þunglyndiseinkenni og eru eftirfarandi myndir fengnar úr skýrslu framhaldsskólapúlsins. Þar má sjá að eftir minnkandi kvíða- og þunglyndiseinkenni síðustu tvö ár virðist aukning á kvíða- og þunglyndiseinkennum þetta árið. Sambærileg breyting virðist vera í samanburðaskólunum og erfitt er að segja til með vissu hvað veldur þessum breytingum á milli ára.



Þetta árið var bætt við spurningu þar sem nemendur voru beðnir um að leggja mat á hvernig þau verðu tíma sínum í dæmigerðri viku. Spurt var um tímasókn skv. stundaskrá, heimanám, launaða vinnu og skipulegar æfingar. Samantekt á þessum svörum má sjá hér fyrir neðan þar sem svör úr handahófskenndu úrtaki nemenda (n=111) eru borin saman við svör útskriftarnema (n=95). Samkvæmt svörum nemenda þá eyða nemendur um 30-32 tímum á viku í skólasókn og heimanám. Útskriftarnemendur vinna nokkuð meira en meðalnemandi í MH og áhugavert verður að teljast að nemendur í MH virðast eyða meiri tíma í dæmigerðri viku í launaða vinnu en heimanám. Vinnuvika nemenda í MH er um 42-50 stundir á viku.

Var ákveðið að óska eftir því að bæta þessari spurningu við þetta árið þar sem nemendur tala oft um það að þau séu undir miklu álagi. Mikilvægt í því samhengi er því að átta sig á því undir hvers kyns álagi nemendur eru. Ljóst er að álag á nemendur er talsvert en einnig að álag utan skólans er þó nokkuð.



Mynd 28 Hér má sjá hversu mikill tími fer í formlegar skyldur hjá nemendum MH.

[Nánar má lesa um skólapúlsinn á heimasíðu skólans.](#)



## 2.17 Umhverfismál

Í umhverfismálum hafa orðið framfarir í samgöngumálum og flokkun. Áður voru flokkunartunnur eingöngu fyrir pappír og skilagjaldsskyldar umbúðir en með breyttu flokkunarkerfi tók skólinn einnig upp flokkun á plasti og lífrænum úrgangi. Þessar breytingar höfðu strax mikil áhrif, nemendur og starfsfólk tóku vel í breytingarnar. Næstu skref verða að bæta upplýsingagjöf varðandi flokkun svo flokkunin megi verða eins markviss og kostur er. Eins og áður býður skólinn upp á hafragraut fjóra morgna í viku þar sem nemendur eru hvattir til að koma með eigin ílát. Geri þau það ekki geta þau fengið einnota umhverfisvænar skálar og skeiðar sem mega fara í lífrænan úrgang.

Í upphafi vorannar 2019 hóf skólinn að bjóða upp á samgöngusamning við starfsfólk skólans þar sem komið er fjárhagslega til móts við það starfsfólk sem kys að nota almenningssamgöngur, hjóla, eða ganga í og úr vinnu í meira en 60% tilvika. Með þessum valkosti er reynt að stuðla að heilbrigðari lífsstíl og minnkuðu kolefnisspori.

Sumarið 2019 voru gerðar viðeigandi ráðstafanir til að koma á fót hleðslustöðvum fyrir rafbíla. Þau stæði eru fjögur talsins til að byrja með og verða tekin í notkun haustið 2019.

Ýmislegt er verið að gera til þess að bæta nánasta umhverfi nemenda og starfsfólks. Til dæmis er nú verið að endurnýja aðalsalernisaðstöðu nemenda á Matgarði og henni verður breytt í ókyngreinda aðstöðu.

Umhverfisfræðsla fer fram í valáfanga í líffræði og hún er einnig hluti af öðrum líffræðiáföngum. Auk þess hafa umhverfismál orðið stærri hluti af umfjöllun áfanga í öðrum greinum, svo sem í ensku og dönsku.

Umhverfisráð Nemendafélags MH hélt áfram að standa fyrir umhverfisviku á vorönn. Meðal viðburða var tyggjöhreinsun af borðum, fræðsluefni og heimildarmyndir, fataskiptamarkaður og plöntugjöf.

Við lok vorannar kom fyrirlesari frá EFLU verkfræðistofu á kennarafund til að kynna starf fyrirtækisins í átt að minnkuðu kolefnisspori. Slíkir fyrirlestrar eru mikilvægir til að efla umhverfisvitund starfsfólks og stuðla að opinni umræðu varðandi umhverfismál.

Markmið: Að fara í úttekt til að fá annan Grænfána, að virkja nemendur meira í umhverfisstarfi skólans, að auka vægi grænmetisfæðis í mótuneyti kennara, að skoða möguleika á að kolefnisjafna utanlandsferðir á vegum skólans.

## 2.18 Tölvumál

Allt starfsfólk skólans fékk fartölvur haustið 2018. Á sama tíma voru flestar borðtölvur teknar úr kennslustofum og vinnustofum kennara. Í hverri kennslustofu eru tengikvía, lyklaborð og mús fyrir kennara sem þeir geta tengt sínar tölvur við. Allir starfsmenn vista gögn sín í skýi frá og með síðustu áramótum þegar skólinn innleiddi notkun Office 365 frá Microsoft. Vinna sem fylgir flutningi gagna yfir í skýið stendur enn yfir. Starfsmenn eru hvattir til að nota Office365 og forrit sem fylgja því eins og Teams. Netstjóri hefur yfirumsjón með tölvumálum skólans og skv. upplýsingum frá honum má segja eftirfarandi um tölvueign og vistun gagna:

- Skólinn á 109 fartölvur fyrir kennara og annað starfsfólk.
- 173 fartölvur eru á vögnum og/eða í skápum í kennslustofum.
- Í skólanum eru 136 notendur með aðgang að Office 365 A3 for faculty (kennarar og aðrir starfsmenn).
- Allir nemendur hafa aðgang að Office 365 A3 for students.

## 2.19 Skjalamál

MH er afhendingarskyldur aðili og á að skila öllum skjölum til Þjóðskjalasafns þegar þau hafa náð 30 ára aldri. Skjölum skal skila á pappír þar til rafræn skil hafa verið samþykkt af Þjóðskjalasafni. Enn hefur engum skjölum verið skilað en á síðari hluta árs 2018 og í upphafi 2019 var byrjað að huga að slíkum málum. Leyfi hefur fengist til að farga bókhaldsskjölum, eldri en 7 ára, og hefur því rýmkast töluvert í geymslum skólans. Fleiri grísjunarbeiðnir bíða úrlausnar hjá Þjóðskjalasafni. Einnig hefur verið sótt um að fá að skila stúdentsprófsskírteinum, eldri en 30 ára, en safnið hefur ekki húsnæði til að taka á móti þeim og því verður ekki af skilum í bráð.

Skólinn tók rafrænt skjalastjórnarkerfi, GoPro, í notkun í upphafi árs 2019 eins og fleiri framhaldsskólar landsins. Notendur kerfisins eru 16, stjórnendur, fjármálastjóri, skrifstofa, námstjórar, IB-stallari, náms- og starfsráðgjafar, netstjóri og skjalastjórar. Markmiðið er að öll skjöl sem varða starfsemi skólans verði varðveitt í GoPro. Í byrjun september 2019 eru málin í kerfinu orðin 130.


Stefnt er að því að sækja um rafræn skil til Þjóðskjalasafns en áður en það gerist þarf meiri reynsla í notkun rafræns skjalastjórnarkerfis að komast á.

## 2.20 Jafnréttismál


Menntaskólinn við Hamrahlíð leggur áherslu á jafnrétti og líður ekki mismunun á grundvelli kynferðis, kynvitundar, kynhneigðar, uppruna, útlits, fötlunar, trúarbragða, skoðana eða annarra þátta. Það er stefna skólans að tryggja að einstaklingar af öllum kynjum njóti jafnréttis og að starfsfólk og nemendur séu metin að verðleikum og sýni hvert öðru virðingu í samskiptum. Að þessari stefnu er unnið með jafnréttisáætlun MH sem er á heimasíðu skólans.

Meðal verkefna jafnréttisnefndar var að gera endurbætur á jafnréttisáætlun skólans, birtar í október 2018. Jafnréttisnefnd leggur áherslu á að styðja við framgang jafnréttismála í skólanum og vera aðgengileg kennurum sem og nemendum. Jafnréttisstarf nemenda er virkt og nefndarfólk leitast við að halda uppi virku samtali við jafnréttisnefndir skólans, þ.e. í Femínistafélaginu Emblu og Hinsegin félaginu Bur.


Stefnt er að því að skoða jafnréttisvísa innan skólans og fylgja hér með tölur sem eiga við haustið 2018.



Mynd 29 Kynjahlutföll skv. skipuriti skólans haust 2018.



Mynd 30 Kynjahlutföll meðal nemenda haust 2018.



Mynd 31 Kynjahlutföll í hinum ýmsu nefndum og teyimum starfsmanna.

#### 2.20.1 Hjúkrunarfræðingur

Hjúkrunarfræðingur hefur starfað við skólann undanfarin ár. Aðsókn til hjúkrunarfræðingsins hefur dregist saman og var ákveðið að hætta með hjúkrunarfræðing frá og með haustinu 2019.

#### 2.20.2 Jafnlaunavottun

Vorið 2019 fóru fjármálastjóri, skjalastjóri og konrektor á nokkur námskeið hjá endurmenntun Háskóla Íslands varðandi jafnlaunavottun. Þar með hófst undirbúningur undir jafnlaunavottun en skólinn þarf að hafa sótt um vottun fyrir lok árs 2019. Teymið hefur fundað með rektor og unnið að þessum málum jafnt og þétt. Ákveðið var að óska eftir aðstoð við ferlið og hefur verið fundað nokkrum sinnum með starfsmanni Félagsvísindastofnunar til að ýta verkefninu áfram. Fyrstu tölur um óútskýrðan launamun sýndu að það væri enginn óútskýrður launamunur. Félagsvísindastofnun mun gera launagreiningu fyrir skólann en við erum sjálf að vinna í starfaflokkuninni. Það er mikil vinna framundan í þessu.

#### 2.21 Heilsueflandi framhaldsskóli

Starf heilsueflandi teymis MH hefur verið fjölbreytt og litskrúðugt. Veturinn 2018 til 2019 voru ýmis verkefni unnin í samræmi við markmið heilsueflandi framhaldsskóla.

- Fulltrúar teymisins fóru á ráðstefnu í tengslum við Heilsuefandi skóla.
- Samstarf var við Embætti landlæknis í tengslum við geðræktargátlista og spurningakönnun.
- Starfsmenn fengu samgöngustyrk.
- Borðtennisborð fyrir nemendur og starfsfólk.
- Skyndihjálparnámskeið var fyrir starfsfólk.
- Forvarnadagurinn var haldinn.
- Teymið aðstoðaði Lagningardagaráð:
  - #karlmennskan
  - Ástráður fræðsla
  - Sjálfsmyndarfræðsla
- Boðið var upp á fræðslu um ást og ástarsorg.
- Gleðihlaup MH. Íþróttakennarar sáum um Gleðihlaup MH í apríl þar sem markmiðið var að taka þátt og hafa gaman.
- Leiklistarkennari skólans býður vikulega upp á Thai Chi í hádeginu.
- Starfsfólk tók virkan þátt í Lífshlaupinu.
- Boðið var upp á grænmetismatreiðslunámskeið fyrir nemendur MH. Starfsfólk MH tók þátt í hjólað í vinnuna.

### 3 Samantekt og umbætur

Sjálfsmat er gert til að stofnun eins og MH viðhaldi því sem vel er gert, bæti það sem má bæta og lagi það sem er að. Sjálfsmatið á að vera ferli sem er gegnumgangandi allt skólaárið og fylgir ákveðinni áætlun. Sjálfsmatsáætlun skólans þarf að endurskoða og endurvinna í takt við breytta tíma og áherslur hverju sinni. Endurskoðuð áætlun mun gera vinnu við sjálfsmatsskýrslu auðveldari og markvissari. Þeirri vinnu hefur enn ekki verið ýtt úr vör en verður vonandi á næstunni.

Við erum enn í þeim sporum að vera að læra og þróa hvernig við vinnum sjálfsmatsskýrslu. Frá og með þessari skýrslu munum við vinna hana út frá skólaárinu en ekki almanaksárinu.

Áfram þurfum við að hugsa hvernig við getum unnið skýrsluna þannig að hún nýtist okkur sem best. Enn fremur þarf að festa betur hvaða kannanir eru gerðar og hver tilgangur þeirra er.

#### 3.1 Verkefni skólaársins 2018 – 2019

Í skýrslu ársins 2017 var settur fram listi yfir ýmislegt sem mátti laga og bæta veturinn 2018 – 2019. Yfirferð yfir þann lista sumarið 2019 sýnir að ýmislegt hefur gerst en einnig er ýmislegt eftir.

Lýsing	Lokið	umsjón	Staðan
<b>Brautaupbygging</b>			
Setja brautaupbygginguna upp í Innu. Athuga vel uppröðun á atriðum, flokkun í val eða bundið áfangaval. Líka skoða vel hvort tiltaka eigi áfanga innan flokks eða ekki. Skoða miðað við vinnuspárnað í yfirfærslu hjá nemanda og sjálfvirkni í Innu.	x	Námstjórar	Þetta er komið í fulla notkun og hefur verið kynnt fyrir valkennurum svo þeir geti líka nýtt sér þetta.
<b>Töflubreytingar</b>			
Töflubreytingar í Innu – nemendur sækja um í Innu	x	Töflusmiðir	Gengur vel og er komið í fulla notkun.
<b>Tölvur</b>			
Borðtölvur – teknar úr flestum kennslustofum	x	Netstjóri	Engin kennslustofa er með borðtölvu.
Kennarar með eigin fartölvur	x	Netstjóri	Allir hafa eigin fartölvur.
Heimasíðan – uppfærsla yfir í nýja heimsíðu	x	konrektor	Skjalastjóri sá um í samráði við námstjóra að koma heimasíðunni í mjög gott lag. Verkefnið heldur áfram haust 2019.
Kennarar fara í skýið	x	Netstjóri	Skýið komið í almenna notkun og notkun Teams gengur ágætlega.
Nemendur fara í skýið	x	Netstjóri	Nemendur komnir í skýið.

Sameignarsvæði í skýið		Netstjóri	Allt á leiðinni í skýið. Unnið við að færa á milli við öll tækifæri.
Nýnemar			
Nýnemavika – fyrsta kennsluvika	x	NFMH	Gekk mjög vel og verður endurtekið haust 2019.
Foreldrakynning fyrr á önninni – í 3. viku	x	Stjórnendur	Gekk mjög vel og verður endurtekið haust 2019.
Fréttablað (1) til forráðamanna	x	Rektor	Fréttabréf voru send út í september, nóvember, febrúar og apríl.
Skjalastjórn			
Vinna við skjalastjórn hafin	x	Skjalastjórar	Gengur vel og unnið í að búa til eldvarða geymslu fyrir skjöl og skjalastjórar fá skrifstofu H19.
NFMH			
Umgengi á Matgarði og Norðurkjallara		NFMH/ Stjórnendur	Mál sem er alltaf í vinnslu – þurfum átak með nýrri stjórn í haust.
Kannanir			
Foreldrakönnun	x	Konrektor	Könnunin var gerð í september í tengslum við nýnemadag.
Starfsmannakönnun		Rektor	Hefur ekki verið gerð en stefnt er að henni haustið 2019.
Þjónustukönnun	x	Rektor	Var gerð vorið 2019 og stoðdeildum kynntar niðurstöðu.r
Könnun eftir októberlotu – kennarar	x	Konrektor	Niðurstaðan sýndi að meirihlutinn er ánægður með vikuna verður vikan endurtekin haust 2019 með breyttu fyrirkomulagi. Hollvinasamtök skólans munu koma að henni líka.
Könnun eftir októberlotu – nemendur	x	Konrektor	Niðurstaðan sýndi mikla ánægðu með vikuna og verður vikan endurtekin haust 2019.
Starfsánægja			
Senda kennara á kennsluráðstefnu - Bett	x	Stjórnendur	5 starfsmenn (6) fóru í lok janúar á Bett. Munum að auglýsa aftur haust 2019.
Breyttur opnunartími skólahúsnæðis	x	Húsvörður	Rafræn opnun var sett á skólann á norðurinnangang í gamla húsinu.
Minnka yfirvinnuálag á kennara	x	Rektor	Við erum meðvituð um þetta.
Upphækkunleg borð	x	Stjórnendur	Komin til allra stjórnenda, námsráðgjafa og námstjóra. Einnig í eitt vinnuherbergi kennara. Verið að óska eftir þeim á fleiri staði.
Flokkun á plasti	x	Stjórnendur	Komið í gagnið í janúar 2019.
Jafnréttismál			
Aðstaða fatlaðra í Norðurkjallara		Stjórnendur	Ekki enn klárað, en ekki gleymt.
Gefa út jafnréttisvísa fyrir helstu stærðir í skólastarfinu	x	Jafnréttisnefnd	Var gert fyrir haustið 2018. Byrjuð í jafnlaunavottun.

### 3.2 Verkefni skólaársins 2019 – 2020

Á komandi vetri er ýmislegt sem verður unnið að:

**Jafnlaunavottun:** Skólinn þarf að sækja um jafnlaunavottun fyrir áramótin 2019-2020. Skjalastjóri, fjármálastjóri og konrektor eru að vinna í málaflokknum.

**Tölvumál:** Klára þarf að koma öllum gögnum í skýið og koma kennurum í almennari Teams notkun.

**Húsið:** Miklar viðgerðir eru í gangi sem munu halda áfram. Verið er að vinna að 5 ára áætlun með arkitekt skólans og fasteignum ríkisins þar sem verkefnum er forgangsraðað. Efst á blaði eru hljóðvísir á kennarastofunni, frágangur á lóð í kringum ruslagáma, klósettin á Matgarði og eldvarin skjalageymsla.

**Umhverfismál:** Rafhleðslustöðvar komust í gangið í september 2019 og þarf að fylgja því eftir og skipuleggja hvernig hleðslu er háttáð á skólatíma.

**Kannanir:** Leggja þarf kennslukannanir fyrir íþróttakennara.

**Stoðtímar:** Stoðtímar hafa verið í gangi í efnafræði á vorönn 2019 og verða áfram á haustönn 2019. Stoðtímar í stærðfræði verða á haustönn 2019.

## 4 Viðauki .

Markmið síðustu skýrslu má finna í listanum hér fyrir neðan og mat á hvernig gekk að ná þeim markmiðum.

Kafli	Markmið	Staðan
2.1 Nemendur	Ársmendafjöldi sé í samræmi við fjárlög hvers árs	
2.1.1 Útskriftarefni	Auðvelda nemendum að útskrifast á þremur árum	Haust 2019 innritast nemendur á stúdentsbrautir sem eru 205 einingar (fyrir utan tónlistar- og listadansbraut) sem ætti að auðvelda þeim að útskrifast á þremur árum.
2.2.1 Starfsánægja	Auka starfsánægju.	Samkvæmt könnun Stofnun ársins hefur starfsánægja aukist. Andinn í skólanum er góður og samstarf og samvinna gengur mjög vel.
2.3 Húsnæðið	Að bæta aðbúnað og umhverfi starfsmanna og nemenda	Mikið hefur verið gert og aðstaða stórbætt. Vinnuherbergi fyrir skjalastjóra er komið í notkun og ýmislegt í burðarliðnum.
2.4 Kennslustundir og áfangar	Að bjóða upp á fjölbreytt áfangaframboð.	Áfangaframboð er alltaf í endurskoðun og gerðist það bæði á haustönn og vorönn síðasta vetur að nemendur báðu um áfanga. Nýsköpunaráfangi sem var kenndur báðar annir og rússneskuáfangi haustið 2018, allt að beiðni nemenda.
2.5 Kennsluferfið Inna	Auka notkun á Innu, bæði kennsluhluta og stjórnunarhluta.	Kennarar eru meira að nota Innu en betur má ef duga skal. Markmið fyrir næsta ár ætti að vera að gera strangari reglur um notkun – að nemendur sjái einkunnir fyrir verkefni sem gilda í Innu.
2.6 Fjármál	Reka skólann innan fjárheimilda.	Reksturinn gengur vel og er verið að endurnýja ýmislegt sem löngu var kominn tími á að endurnýja. Stólar hafa verið yfirdekkadír, flygillinn uppfærður ...
2.7 Kennslukannanir	Að svörun í kennslukönnun sé yfir 60% og að kennarar fái endurgjöf á niðurstöðu.	Kennarar sem voru í könnun voru allir boðaðir í viðtöl meðal annars til að ræða niðurstöðurnar.
2.9 Nýnemar	Laða að fjölbreyttan hóp nýnema, bæta móttöku nýnema og veita nýnemum fjölbreyttan stuðning.	Nýnemavika er strax í byrjun annar og innkoma stoðdeildar í lífsleiknitíma hefur verið aukin.
2.10 Námsbrautir	Að ljúka staðfestingarferli fyrir allar námsbrautir og halda úti fjölbreyttu námi sem býður upp á sérhæfingu.	Ekki lokið en Sérnámsbrautin er í vinnslu og listdansbraut hefur aðeins verið sett á ís.
2.10.1 IB-brautin	Að bjóða upp á alþjóðlegt stúdentsnám sem laðar að fjölbreyttan hóp nemenda af ólíku þjóðerni.	
2.11 Stöðumat	Að bjóða upp á stöðumat í tungumálum sem nemendur MH óska eftir.	Gengið hefur vel að standa undir þessu.
2.12 Skólasókn	Endurskoða skólasóknarreglur og stuðla að betri skólasókn nemenda.	Fundað var um reglurnar á vorönn og verða breytingar ræddar á skólanefndarfundum haust 2019 sem taka má upp á vorönn 2020.

2.13 Afföll og nýtingarhlutfall	Að nýtingarhlutfall verði a.m.k. 95% á hverri önn (átt er við hlutfall heildareininga til prófs/námsmats hjá nemendum á móti skráðum einingum).	
2.14 Náms- og starfsráðgjöf	Að bjóða upp á viðtæka stoðþjónustu sem nemendur eru duglegir að nýta sér.	Hlutfall námsráðgjafa hefur verið aukið frá og með hausti 2019.
2.15 Námsverið	Að auka nýtingu og heimsóknir nemenda í námsver.	Fulltrúi námsversins fór í alla lífsleiknitíma og auglýsti tímana sína.
2.16 Sálfræðingur	Að gera sálfræðiþjónustu í MH aðgengilegri nemendum og fjölga nemendum sem nýta sér þjónustuna.	
2.16.1 Skólapúlsinn	Að fylgjast með líðan nemenda og virkni í námi.	Fylgst er með þátttöku og nemendur hvattir til að taka þátt.
2.17 Umhverfismál	Fá nemendur til að koma með einnota ílát undir grautinn, að fjölga nemendum og starfsfólki sem nota umhverfisvænar samgöngur.	
2.18 Jafnréttismál	Að halda gildum jafnréttis á lofti og stuðla að framþróun þeirra mála innan skólans.	
2.19 Heilsueflandi framhalsskóli	Halda áfram með verkefnið	